




## Sjálfbærnitengd upplýsingagjöf fyrir Aberdeen Standard Core Infrastructure III SCSp

Þetta skjal veitir þér samantekt á sjálfbærnitengdum upplýsingum sem til eru á vefsíðu okkar um þessa fjármálavöru. Það er unnið í tengslum við 10. grein reglugerðar um upplýsingagjöf um sjálfbæra fjármögnun (ESB) 2019/2088. Upplýsingarnar sem birtar eru, eru nauðsynlegar samkvæmt lögum til að hjálpa þér að skilja sjálfbærnieiginleika og/eða markmið og áhættu þessarar fjármálavöru.


Útgáfudagur: 01 júní 2023

Auðkenni lögaðila 2138009KYJN194IM4B37

<b>Yfirlit</b>	<p>Aðferð abrdn Standard Core Infrastructure (ASCI III) er að byggja upp fjölbreytt eignasafn u.þ.b. 8-12 kjarna/kjarna+ evrópskra innviðaeigna á miðverði í margs konar veitukerfum, flutningi, orku og stafrænum innviðum. Í mörgum tilvikum er reynsla og netkerfi sem hafa verið þróuð í gegnum viðskipti okkar skuldbundin til að búa til öflugra leiða að tækifærum í fjárfestingum. Sjóðurinn notast við samþætta nálgun að ESG og mun líta til þess að notfæra sér fjölvinnviðabemu orkuumskipta, minni kolefnislosun og stafræna væðingu í flutningum.</p> <p>Fyrirtækið heyrir undir 8. grein reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“) og þannig stuðlar hann að umhverfis- og félagslegum eiginleikum en hefur ekki sjálfbært fjárfestingarmarkmið.</p> <p>Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi eins og stendur ekki skuldbundið sig til lágmarkshlutfalls sjálfbærra fjárfestinga, samanstanda einkennin sem sjóðurinn stuðlar að af fjárfestingum í fyrirtækjum eða eignum sem sýna umhverfislega og/eða félagslega eiginleika. Þegar eðli fjárfestinganna er haft í huga getur þetta náð yfir mikinn fjölda viðfangsefna, allt eftir einkennum fyrirtækisins eða eignarinnar.</p> <p>Að taka tillit til ESG-einkenna er samofið í gegnum allt fjárfestingarferlið okkar, allt frá upphaflegri skimun viðskipta til eignastjórnunar.</p> <p>Innri stýringarferlar eru í gildi til að tryggja að ESG-áhætta og tækifæri séu höfð í huga í gegnum allan lífsferil fjárfestingarinnar. Lokið er við ESG-skimunarverkfærið sem hluti af skimun viðskipta og fyrir fyrstu fjárfestingarnefnd og er áfram hluti af skjölum og samþykktum fjárfestingarnefndar allt til enda. Sterkri stjórnun er komið á í eignastjórnun fyrir hverja fjárfestingu, þar á meðal ESG KPI sem hluti af fjárfestingarmarkmiðum og skýrri ESG-eignastjórnunaráætlun til að fylgjast með hættum og tækifærum í verðmætasköpun.</p> <p>Upplýsinga er aflað frá ýmsum veitum til að upplýsa ákvarðanatöku fjárfestinga á hverju stigi á lífskeiði fjárfestingarinnar, þar á meðal áreiðanleikakönnun og í gegnum alla eignastjórnun. Á hverju stigi er markmiðið að skilgreina áhættu og tækifæri sem tengjast umhverfislegum og/eða félagslegum eiginleikum eignanna og, þar sem hægt er, til að magnbinda þau svo hægt sé að taka tillit til þeirra sem hluta af fjárfestingunni og ákvörðunum um eignastjórnun.</p> <p>Gögnum sem tengjast ESG-vísium er safnað beint frá eignum eða sem hluti af vinnu sérfræðinga til að upplýsa mat á áhættu og tækifærum á áreiðanleikakönnunartstigi og í gegnum alla eignastjórnun.</p> <p>Nálgunin sem er til staðar, eins og lýst er hér að ofan, er talin viðeigandi til að styðja við ákvörðunartöku fyrir fjárfestingar. Meðan á eignarhaldsstigi stendur vinnur teymið sem er ábyrgt fyrir ESG-vinnu með fjárfestingarteyminu til að stuðla að skilvirku ESG-verklagi. Fjárfestingarteymið tryggir að stjórnin hafi umsjón með helstu ESG-áhættu og tækifærum með staðlaðri skýrslugerð.</p> <p>Ekki hefur verið kveðið á um neitt tilvísunarviðmið í þeim tilgangi að ná fram umhverfislegum og félagslegum eiginleikum sem sjóðurinn stuðlar að.</p>
<b>Engin markmið um sjálfbæra fjárfestingu</b>	Þessi fjármálagerningur stuðlar að umhverfislegum eða samfélagslegum eiginleikum en hann hefur ekki markmið um sjálfbærar fjárfestingar.
<b>Umhverfisleg eða samfélagsleg einkenni fjármálavörunnar</b>	<p>Þrátt fyrir sjóðurinn skuldbindi sig ekki um lágmarkshlutfall sjálfbærra fjárfestinga ætlar sjóðurinn sér að fjárfesta í fyrirtækjum eða eignum sem hafa umhverfisleg og/eða félagsleg einkenni, eins og:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að þróa og/eða eiga eignir sem hjálpa til við að uppfylla markmið „hlutleysis“</li><li>• Að leggja fram jákvætt framlag til hringrásarhagkerfis;</li><li>• Að veita mikilvæga innviði sem eru nauðsynlegir fyrir virkni samfélags og hagkerfis;</li><li>• Framlag til að taka á misrétti;</li><li>• Gagnsæi og birting umhverfislegra og félagslegra skýrslna;</li><li>• Skortur á efnislegum umhverfislegum og/eða félagslegum ágreiningsefnum;</li><li>• Álitamál varðandi mannréttindi;</li><li>• Gott umhverfislegt heildarverklag, og</li><li>• Samstilling við sjálfbær markmið Sameinuðu þjóðanna</li></ul> <p>Ennfremur, að því marki sem sjóðurinn gerir sjálfbærar fjárfestingar í framtíðinni, mun sjóðurinn gefa út skýrslur og verða þær hluti af ársskýrslum hans.</p> <p>Ekkert viðmið hefur verið sett í þeim tilgangi að ná umhverfislegum eða félagslegum eiginleikum sem fjármálagerningurinn stuðlar að, þar sem ekkert viðeigandi viðmið er til.</p>







<p><b>Fjárfestingarstefna</b></p>	<p>Aðferð ASCI III er að byggja upp fjölbreytt eignasafn u.þ.b. 8-12 kjarna/kjarna+ evrópskra innviðaeigna á miðverði í margs konar veitukerfum, flutningi, orku og stafrænum innviðum. Í mörgum tilvikum er reynsla og netkerfi sem hafa verið þróuð í gegnum fyrri viðskipti okkar skulðsett til að búa til öflugra leið að tækifærum í fjárfestingum. Sjóðurinn notast við samþætta nálgun að ESG og mun líta til þess að notfæra sér fjölvainnviðþæmu orkuumskipta, minni kolefnislosun og stafræna væðingu í flutningum.</p> <p>Sjóðurinn leggur áherslu á að tryggja viðeigandi kerfisbundna staðsetningu eigna á 10+ eignarhaldstíma okkar sem og að geta hámarkað virði með því að tryggja að eignin verði áfram viðeigandi næsta áratug. Vegna þessarar langtímahugsunar eru ESG-áhætta og tækifæri mikilvæg álitamál fyrir fjárfestingar okkar.</p> <p>ESG-skimunarverkfæri sjóðsins gerir kleift að skilgreina ESG-áhættu snemma í ferlinu. Allur efnislegur misbrestur þýðir að tækifærinu verði hafnað. Þetta myndi fela í sér fjárfestingar á útilokunarlista sjóðsins sem sækir upplýsingar í útilokunarlista International Finance Corporation's (IFC) og nær yfir greinar eins og framleiðsla eða viðskipti með vopn og hergögn, tóbak og fjárhættuspil/spilavíti. Listi yfir ESG-viðfangsefni sem á sérstaklega við um viðskiptin er metinn í ítarlegri áreiðanleikakönnun og mun hann innihalda alla efnislega áhættu og tækifæri sem skilgreind eru á skimunarstigi. Samþykki fyrir fjárfestingu er aðeins mögulegt þegar fullur skilningur liggur fyrir á áhættu og tækifærum og, ef þörf krefur, mótvægisáðgerðir framkvæmdar.</p> <p>Íhugun ESG-einkenna er samofin fjárfestingarferli okkar, allt frá upphaflegri skimun í gegnum alla eignastjórnun.</p> <div data-bbox="399 806 1388 1120"> <p><b>Pre-Investment Approach</b> In-depth plan to identify and assess key ESG risks and growth areas prior to acquisition</p> </div>
<p><b>Hlutfall fjárfestinga</b></p>	<p>Fjárfestingaráætlun sjóðsins á við um og nær utan um allar eignir sem hann mun eiga. Sjóðurinn hyggst fjárfesta í fyrirtækjum eða eignum sem sýna umhverfisleg og/eða félagsleg einkenni og mun stuðla að slíkum einkennum í eignastjórnun, eins og lýst er hér að ofan. Því má segja stuðlað sé að viðeigandi umhverfislegum og félagslegum eiginleikum fyrir 100% eigna (þ.e. 1B í neðangreindri töflu).</p>



<p><b>Eftirlit með umhverfislegum eða samfélagslegum einkennum</b></p>	<p>Að taka tillit til ESG-einkenna er samofið fjárfestingarferlinu, allt frá upphaflegri skimun í gegnum alla eignastjórnun. Vinsamlegast sjáið myndina hér að ofan til að fá yfirlit yfir hvernig við innlimum ESG-mál í gegnum allt lífskeið fjárfestingar okkar. Innri stjórnunarferlar eru til staðar til að tryggja að tekið sé tillit til ESG-áhættu og tækifæra í gegnum allt lífskeið fjárfestingarinnar.</p>
--	---



	<p>Lokið er við ESG-skimunarverkfærið sem hluti af skimun viðskipta og fyrir fyrstu fjárfestingarnefnd og er áfram hluti af skjölum og samþykktum fjárfestingarnefndar allt til enda. Þegar fjárfestingu er lokið mun ESG-áætlunin fela í sér efnislega ESG-áhættu og tækifæri og þegar þurfa þykir verður stjórninni og stjórnunarteymum falin tiltekin ábyrgð, ásamt markmiðum og KPI. Þetta leyfir vöktun á afkomu yfir tíma og skýrslugjöf um framvindu til fjárfesta okkar. ESG-áhætta og tækifæri eru áfram forgangsmál í eignastjórnun og í skýrslugerð meðan á virkri stjórnun okkar á fjárfestingum stendur.</p> <p>Vísarnir sem notaðir eru til að mæla hvort markmiðum sé náð og upplýsa ákvarðarnir eru mismunandi eftir eðli eignarinnar, fyrirliggjandi upplýsingum og stigi lífsskeiðs fjárfestingarinnar (þ.e. fyrir kaup, áreiðanleikaönnun, yfirstandandi eignastjórnun o.s.frv.).</p> <p><b>On-going Asset Management</b> Active ownership approach with a central focus on strong alignment to agreed ESG goals and principles</p> <div style="display: flex; justify-content: space-around; align-items: flex-start;"> <div style="text-align: center;">  <p><b>Governance</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Establish strong governance to ensure accountability</li> <li>Set ESG KPIs as part of management objectives</li> </ul> <p><b>SFDR / PAI reporting</b></p> </div> <div style="text-align: center;">  <p><b>Action Plans</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Monitor and influence ESG performance with bespoke action plans</li> <li>Lead ESG initiatives focused on key value drivers</li> </ul> <p><b>ESG Risk Monitoring and Value Creation Plan</b></p> </div> <div style="text-align: center;">  <p><b>ESG Reporting</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Manage key ESG risks and opportunities through standardised reporting</li> <li>Seek periodic appraisal of ESG monitoring practices</li> </ul> <p><b>SFDR / PAI reporting, Climate risk, Decarbonisation strategy</b></p> </div> <div style="text-align: center;">  <p><b>Raise Awareness</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Encourage transparency and disclosure of ESG performance</li> <li>Pro-actively engage with consumer and employees</li> </ul> </div> </div>
<p><b>Aðferðafræði</b></p>	<p>Upplýsinga er aflað frá ýmsum veitum til að upplýsa ákvarðanatöku fjárfestinga á hverju stigi á lífskeiði fjárfestingarinnar, þar á meðal áreiðanleikakönnun og í gegnum alla eignastjórnun. Á hverju stigi er markmiðið að skilgreina áhættu og tækifæri sem tengjast umhverfislegum og/eða félagslegum eiginleikum eignanna og, þar sem hægt er, til að magnbinda þau svo hægt sé að taka tillit til þeirra sem hluta af fjárfestingunni og ákvörðunum um eignastjórnun. Sá fjöldi viðfangsefna sem verður íhugaður mun þróað með tímanum til að endurspeglar þróun stefnu, væntingar markaðarins og umhverfislega og félagslega þætti.</p>
<p><b>Gagnaheimildir og úrvinnsla</b></p>	<p>Gögnum sem tengjast ESG-vísu, til dæmis orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, er safnað beint frá eignum eða sem hluti af vinnu sérfræðinga til að upplýsa mat á áhættu og tækifærum á áreiðanleikakönnunarstigi og í gegnum alla eignastjórnun. Þetta getur falið í sér upplýsingar frá stjórnunarteyminu á eignastigi eða frá birgjum/verktökum sem eru viðriðir rekstur eigna.</p> <p>Gögn verða sannvottuð og unnin af sjóðnum í tilgangi vöktunar afkomu og skýrslugerðar.</p> <p>Það fer eftir eðli vísanna hvort viðmið í greininni eða annar samburður sé notaður til að mæla hlutfallslega afkomu og tryggja gæði gagna.</p> <p>Þegar eðli sjóðsins er haft í huga er þess vænst að mikill meirihluti ESG-gagna verði raungögn og fengin beint frá eignum og birgjum. Það getur stundum þurft að gera áætlanir en væntum þess að það verði sjaldan og að upplýsingar um slíkt liggi fyrir í fjárfestingarskýrslum.</p>
<p><b>Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum</b></p>	<p>Sú nálgun sem er til staðar, eins og lýst er hér að ofan, telst viðeigandi til að styðja við ákvarðanir um fjárfestingar.</p>
<p><b>Áreiðanleikakönnun</b></p>	<p>ESG-skimunarverkfæri er notað á skimunarstigi til að styðja við skilgreiningu á hættumerkjum. Á áreiðanleikakönnunarstigi er umfang ESG skilgreint, leitað er til ráðgjafa og heimsóknir á vettvang farar oft fram. Lýsandi listi yfir ESG-áhættu og tækifæri sem eiga sérstaklega við um viðskiptin er notaður. Þetta er endurspeglad í spurningalista fyrir áreiðanleikakönnun ESG og metið með stuðningi frá tæknilegum ráðgjöfum og markaðsráðgjöfum á áreiðanleikakönnunarstigi. ESG-afkoma, áhætta og tækifæri eru greind og áhrif á fjárfestingarstærðni og verðmæti eru metin. Kjarnainviðateymið mun einnig greina og meta stjórnunarskýrslugögn og fylgni, sem og raunverulega loftslagstengda áhættu og umskipti.</p>
<p><b>Virgjunarstefnur</b></p>	<p>Meðan á eignarhaldsstigi stendur vinnur teymið sem er ábyrgt fyrir ESG-vinnu með fjárfestingarteyminu til að stuðla að skilvirku ESG-verklagi. Við teljum að þetta sé lykillinn að því að búa til merkingarbæra breytingu og drífa afkomu áfram. Þegar kemur að eignarhaldstímabilinu viðheldur fjárfestingarteymið stöðugu samtali við eignastjórnunarteymi fyrirtækisins. Þetta gerir okkur kleift að vakta og hvetja til þróunar á ESG-verklagi. Við eigum að minnsta kosti eitt sæti í yfirstjórn allra fyrirtækja í eignasafni okkar. Sem slík búum við yfir öflugum leiðum til að stuðla að því tekið sé tillit til ESG og miðla besta verklagi. Fjárfestingarteymið tryggir að stjórnin hafi stjórn á ESG-áhættu og tækifærum með staðlaðri skýrslugjöf.</p>
<p><b>Tilnefnt viðmiðunarviðmið</b></p>	<p>Ekki hefur verið kveðið á um neitt tilvísunarviðmið í þeim tilgangi að ná fram umhverfislegum og félagslegum eiginleikum sem sjóðurinn stuðlar að.</p>